

Nr. 029 / 10 Inga VE 74***Skipverji féll í höfnina***

Skipaskr.nr. 6382
Smíðaður: Hafnarfirði 1981 plast
Stærð: 5 brl. 4,4 bt.
Mesta lengd: 8,41 m Skráð lengd: 7,71 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 1,45 m
Vél: Perkins 60kW 2001
Fjöldi skipverja: 1



Inga ©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 18. febrúar 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni, Jóhanni Ársælssyni og Ólafi K. Ármannssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 24. febrúar 2010 lá Inga VE við landfestar í Vestmannaeyjahöfn,

Báturinn lá við svokallaða rana á flotbryggju en enginn bátur var í stæðinu við hlið hans. Skipstjórinn var að fara í land úr eftirlitsferð um bátinn þegar hann hrasaði og féll af rananum og í sjóinn. Hann kallaði á hjálp því hann sá engan bryggjustiga til að komast upp úr sjónum. Vegfarandi sem var á gangi á hafnarsvæðinu heyrði köllin og sótti fleiri menn til hjálpar. Drógu þeir manninn úr sjónum.

Skipstjóranum varð ekki meint af volkinu og eftir að hafa farið undir heita sturtu jafnaði hann sig fljótt.

Við rannsókn kom fram:

- að flotbryggjan, sem ranarnir eru festir á, er 25 metra löng og lagt fram af steinsteyptri bryggju með bryggjustigum en enginn stigi er á flotbryggjunni;
- að skipstjórinn sagði að fremur hátt væri af borðstokknum niður á ranann og þegar hann kom niður á hann gaf annað hné hans eftir. Hann hefur nú útbúið sér stiga til að fara að og frá borði;
- að skipstjórinn náði taki á bryggjunni og hélt sér í hana. Hann sagði að neyðarstigi hefði verið aftan á bát sínum en hann mundi ekki eftir honum þar sem hann lá í sjónum;

- að í reglugerð um hafnarmál nr. 326/2004 segir að á flotbryggjum skuli ávallt vera einn stigi á þeim enda flotbryggju sem er fjær landi. Bil milli stiga skal vera að jafnað 15 m á hvorri hlið flotbryggju, eftir aðstæðum;
- að hafnaryfirvöld í Vestmannaeyjum segja að flotbryggjan sé í einkaeigu. Samkvæmt upplýsingum SÍ var flotbryggjan tekin út árið 2006 og þá var gerð athugasemd vegna stiga. Bryggjan var einnig skoðuð í desember 2009 en þá höfðu ekki verið gerðar úrbætur á henni en þrátt fyrir það voru ekki gerðar athugasemdir við ástand hennar á þeim tíma;
- að við skoðanir SÍ á flotbryggjum eru hafnaryfirvöld látin hafa skoðunarskýrslur með þeim athugasemdum sem gerðar eru en fram kom að þau vilji oft meina að flotbryggjur í einkaeigu séu þeim óviðkomandi. Siglingastofnun Íslands telur að það sé skýrt að allar bryggjur lúti ákvæðum reglugerðar um hafnarmál og slysavarnir í höfnum.

Nefndarálit:

Orsaka atviksins er sú að skipverjinn missti jafnvægið þegar hann steig á ranann og þar sem ekki var bátur í næsta bás féll hann í sjóinn.

Nefndin telur ófært að ekki hafi verið stigi á flotbryggjunni eins og athugasemdir höfðu verið gerðar um. Hafnaryfirvöld eiga að sjá til þess að viðeigandi öryggisbúnaður sé í lagi innan hafnarmarka.